

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 38/2005

frá 11. mars 2005

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2004 frá 9. júlí 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/641/EB frá 14. september 2004 um breytingu á ákvörðun 2002/627/EB um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila með rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 5ci (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32004 D 0641**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/641/EB frá 14. september 2004 (Stjtíð. ESB L 293, 16.9.2004, bls. 30).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2004/641/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. mars 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 376, 23.12.2004, bls. 35 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 65, 23.12.2004, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 293, 16.9.2004, bls. 30.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 11. mars 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.